

Olíuleit á Drekasvæði við Jan Mayen-hrygg

**Greinargerð um umsagnir um olíuleitarskýrsluna og viðbrögð
iðnaðarráðuneytis við þeim umsögnum**

**Iðnaðarráðuneyti
Janúar 2009**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Endanleg áætlun	3
2.1 Leyfi, vöktun og eftirlit	3
3. Helstu athugasemdir umsagnaraðila og greinargerð um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda	4
4. Samantekt á efni umsagna og viðbrögð iðnaðarráðuneytisins	5
4.1. Alþýðusamband Íslands	5
4.2. EYÞING – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum	5
4.3. Fjallabyggð.....	6
4.4. Fjarðabyggð	6
4.5. Fornleifavernd ríkisins.....	7
4.6. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR).....	7
4.7. Landhelgisgæslan	7
4.8. Langanesbyggð	7
4.9. Noregur	8
4.10. Orkustofnun.....	10
4.11. Siglingastofnun Íslands	10
4.12. Sjávarútvegsráðuneyti / Hafrannsóknastofnunin.....	10
4.13. Samtök atvinnulífsins, Landssamband Íslenskra Útvegsmanna, Samtök iðnaðarins, Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja og SVP – Samtök verslunar og þjónustu.....	11
4.14. Skipulagsstofnun	12
4.15. Umhverfisstofnun	13
4.16. Veðurstofa Íslands	14

1. Inngangur

Þann 30. mars 2007 lagði iðnarráðuneytið fram til umsagnar skýrslu með tillögu að áætlun um útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á norðanverðu Drekasvæði við Jan Mayen-hrygginn, ásamt umhverfismati þeirrar áætlunar í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Frestur til að skila inn umsögnum vegna skýrslunnar rann út 23. júní 2007 og bárust alls 16 umsagnir.

Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir um skýrsluna: Alþýðusamband Íslands; EYÞING – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum; Fjallabyggð; Fjarðabyggð; Fornleifavernd ríkisins; ÍSOR; Landhelgisgæslan; Langanesbyggð; Noregur; Orkustofnun; Siglingastofnun; sjávarútvegsráðuneyti/Hafrannsóknastofnunin; Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök iðnaðarins, Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja og SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu; Skipulagsstofnun; Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands.

Í greinargerð þessari, sem er send til allra þeirra aðila er fengu senda umsagnarbeiðni, er að finna samantekt á efni framangreindra umsagna og viðbrögð iðnaðarráðuneytis við þeim athugasemdum sem þar komu fram í samræmi við ákvæði laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana. Iðnaðarráðuneytið þakkar öllum umsagnaraðilum fyrir sýndan áhuga og innsendar umsagnir.

2. Endanleg áætlun

Ákveðið hefur verið að sérleyfi til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu verði boðin út 22. janúar 2009 og að frestur til að skila inn umsóknum mun renna út 15. maí 2009.

Boðin verða út leyfi á öllu svæðinu sem fjallað var um í skýrslunni eða alls 42.700 km², en hins vegar verða í mesta lagi veitt leyfi á 4000 km² af því svæði. Úthlutað verður að hámarki 5 leyfum og hámarksflatarmál hvers leyfissvæðis verður 800 km².

Umhverfissjónarmið hafa verið hluti af áætluninni frá upphafi og umhverfisskýrslan og athugasemdir við framangreinda skýrslu með tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu sem bárust á kynningartíma hafa verið höfð til hliðsjónar við ákvörðun um endanlega áætlun, eins og nánar er fjallað um síðar í þessari greinargerð.

2.1 Leyfi, vöktun og eftirlit

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um leyfi, vöktun og eftirlit vegna leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi. Þar kemur m.a. fram að starfsemi á leitarstigi er háð leitarleyfi í samræmi við lög nr. 13/2001 og áður en leyfi er veitt skal leitað umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Aðgerðir vegna leitar eru hvorki háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 né starfsleyfisskyldar skv. lögum nr. 7/1998 og ekki er talin ástæða til að gera ráð fyrir sérstakri mengun þar frá.

Jarðboranir á rannsóknarstigi falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum auk þess sem hér er um að ræða starfsleyfisskylda starfsemi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og í þessum ferlum

er fjallað nánar á um framkvæmd borunar, meðferð mengandi efna og mengunarvarnir. Veitandi starfsleyfis hefur jafnframt eftirlit með því að starfsemi uppfylli ákvæði þess. Áður en hafist er handa við rannsóknaboranir er nauðsynlegt að fram hafi farið úttekt á ástandi umhverfisins umhverfis borholuna. Hér má nefna botngerð og lögun (fjölgeislamælingar), umfang og ástand botndýralífs og lífríkis upp á yfirborð og styrk helstu mengunarefna (einkum PAH) í botnseti, lífverum og sjó. Nákvæm upptalning þeirra efna sem þörf er á að verði vöktuð er háð því hvaða efni notuð eru við borunina. Ákvæði um eftirlit og vöktun eru sett í starfsleyfum og eðlilegt er að um þau sé fjallað í mati á umhverfisáhrifum.

Hinir ýmsu þættir olúvinnslu eru hver um sig og ekki síður saman háðir fjölmörgum leyfum er lúta að umhverfisáhrifum. Hver hola er háð mati á umhverfisáhrifum auk vinnslunnar sjálfrar og hið sama á um starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir. Sama gildir um hugsanlegar framkvæmdir og starfsemi sem slíkum atvinnurekstri fylgir. Hér er ekki talinn möguleiki á að fjalla um allar þær leiðir og aðferðir sem komið gætu til greina, slíkt verður betur fjallað um í mati á umhverfisáhrifum.

Eftirlit með umhverfisáhrifum starfseminnar er margþætt. Gert er ráð fyrir því að haldið verði uppi virku innra eftirliti og í raun er slíkt nauðsynlegt þar sem ytra eftirliti verður ákveðin takmörk sett vegna fjarlægðar og einangrunar. Annað eftirlit með starfseminni verður einkanlega tvíþætt, úttektir á ástandi í samræmi við ákvæði starfsleyfis, vöktun og mat á niðurstöðum þess auk almenns eftirlits með mengun á hafsvæðinu umhverfis starfsemina.

Vöktun er hluti af eftirliti með mengandi starfsemi og er einn helsti þátturinn í því verkefni að kanna hvort ákvæði starfsleyfis haldi og það gegni hlutverki sínu. Áður en vöktun getur hafist verða að liggja fyrir grunnupplýsingar um umhverfisþætti á viðkomandi svæði. Jafnframt þarf að vera unnt að aðgreina áhrif frá þeirri starfsemi sem vöktunin beinist að frá öðrum þáttum þ.á m. náttúrulegum breytileika. Vöktunin þarf að beinast að öllum þáttum sem verða fyrir eða líklegt er að verði fyrir áhrifum af viðkomandi starfsemi.

Helstu efnisþættir sem vöktun þarf að beinast að eru:

- Ástand hafsbotsins (breytingar á botngerð, lífríki á og í hafsbotninum)
- Styrkur mengunarefna í seti umhverfis framkvæmdasvæði
- Styrkur mengunarefna í hafinu umhverfis framkvæmdasvæðið (frá botni og upp úr).
- Styrkur mengunarefna í helsta lífríki svæðisins (dýrasvifi, loðnu, síld, sjófuglum, hval)
- Ástand lífríkis umhverfis framkvæmdasvæðið (botndýralíf, botnfiskar)
- Losun mengandi efna í loft, sjó, sjávarbotn auk hávaða.

Helstu mengunarefni sem vöktun beinist að eru PAH, þungmálmar, geislavirkni og ummerki um efni sem hugsanlega eru notuð, m.a. við boranir og meðferð olíu á staðnum. Að öðru leyti er ekki unnt á þessari stundu að tiltaka nánar hvaða efni eða hversu umfangsmikil vöktun og eftirlit með starfseminni verður, áætlanir um innra eftirlit, magn og tegund efna sem áætlað er að verði notuð, stýra umfangi og eðli eftirlits og vöktunar með starfseminni. Á þessum þætti verður nánar tekið í ferlum um mat á umhverfisáhrifum og í beiðni um starfsleyfi.

3. Helstu athugasemdir umsagnaraðila og greinargerð um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda

Umsagnaraðilar lögðu flestir áherslu á að ráðist yrði í frekari rannsóknir á svæðinu í samræmi við tillögur þar að lútandi í skýrslunni. Í framhaldinu samþykkti ríkisstjórnin tillögur iðnaðarráðherra um að ráðist yrði í eftirfarandi rannsóknir á umhverfi og lífríki fyrirhugaðs leitarsvæðis árin

2008-2009. Flestar þessara rannsókna eru nú á lokastigi og gögn úr einni þeirra tilbúin til afhendingar. Stöðu rannsóknaverkefnanna er lýst í stuttu máli með skáletruðum texta.

1. Gert verður nákvæmt kort yfir botngerð og lögun svæðisins með fjölgeislamælingum. Slíkt kort auðveldar mat á straumum, sem og lífskilyrðum lífvera á og við botninn og útbreiðslu þeirra. *Fjölgeislamælingarnar voru framkvæmdar í júní 2008 og eru gögnin tilbúin til afhendingar til þeirra sem óska.*
2. Búsvæði og lífverusamfélög verða kortlögð á þeim svæðum sem líklegast er að verði fyrir röskun vegna rannsókna og vinnslu á olíu og gasi. *Sýnasöfnun og botnmyndataka fór fram í ágúst 2008, og er unnið að úrvinnslu úr sýnum sem safnað var í leiðangrinum.*
3. Kannað verður hvort að veiðanlegir botnfiskastofnar séu á Drekasvæðinu. *Botnfiskarannsókninni hefur verið frestað og verður því ekki framkvæmd árið 2009 eins og til stóð.*
4. Gerðar verða straummælingar bæði með sniðmælingum með skipi og lögn með straumsjám. *Straummælingum var safnað í heilt ár samkvæmt áætlun og er nú unnið við úrvinnslu gagna og skrif á skýrslu.*
5. Mælingar á veður- og öldufari á svæðinu verða gerðar. *Veður- og öldufarsdufl hefur safnað gögnum frá norðanverðu Drekasvæðinu í rúmt ár og er stefnt að áframhaldandi gagnasöfnun a.m.k. fram á vor, en í mesta lagi fram á haust 2009. Að gagnasöfnun lokinni fer fram úrvinnsla á gögnum og skrif á skýrslu.*

Iðnaðarráðuneytið telur að framangreindar rannsóknir, til viðbótar við fyrirbyggjandi rannsóknir séu nægilegar á þessu stigi málsins. Komi til rannsóknar- og vinnsluborana má gera ráð fyrir enn frekari rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum slíkra borana.

4. Samantekt á efni umsagna og viðbrögð iðnaðarráðuneytisins

4.1. Alþýðusamband Íslands

Í umsögn ASÍ segir að ljóst sé að ef veitt verða leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu gætu farið af stað framkvæmdir sem hafa veruleg áhrif á umhverfið, lífríki sjávar, stöðugleika íslensks efnahagslífs og vinnumarkaðinn. Alþýðusambandið hyggst fylgjast náið með framvindu þessa máls og áskilur sér rétt til að koma á framfæri athugasemdum á síðari stigum. Eins og fram kemur í umsögn ASÍ grundvallast afstaða sambandsins til málsins sem stendur á umsögn ASÍ um *frumvarp til laga um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis* frá 12. febrúar 2007 og umsögn ASÍ um *Grænbók Evrópusambandsins um stefnu í málefnum siglinga og sjávar*, en þær fylgja sem viðhengi með umsögn ASÍ.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir með ASÍ að í kjölfar leyfisveitinga geti farið að stað framkvæmdir sem hafa veruleg áhrif á umhverfið, lífríki sjávar, stöðugleika íslensks efnahagslífs og vinnumarkaðinn. Iðnaðarráðuneytið mun leitast við að halda öllum hagsmunaaðilum upplýstum um framvindu verkefnisins og hægt verður að koma á framfæri formlegum sem óformlegum athugasemdum á síðari stigum málsins.

4.2. EYÞING – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

Stjórn Eyþings lýsir ánægju með skýrsluna og þær áætlanir sem þar eru kynntar. Stjórnin telur sig hins vegar ekki hafa forsendur til að leggja faglegt mat á umhverfismat áætlunarinnar. Lögð er áhersla á að ráðist verði í þær rannsóknir sem tillögur eru um og nauðsynlegar eru fyrir framhald

verkefnisins. Hvatt er til þess að strax verði ráðist í þá margháttuðu undirbúningsvinnu sem þarf til áður en rannsóknarleyfi verður veitt.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið. Eins og fram kemur í 3. kafla þessarar greinargerðar samþykkti ríkisstjórnin á síðari hluta ársins 2007 tillögu iðnaðarráðherra um að hefja undirbúningsvinnu fyrir útgáfu sérleyfa til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á norðanverðu Drekasvæði, sem og áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í tengslum við það verkefni. Iðnaðarráðuneytið hóf í framhaldinu frekari undirbúningsvinnu í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir sem hlut eiga að máli.

4.3. Fjallabyggð

Bæjarráð Fjallabyggðar sér ekki ástæðu til að gefa umsögn, en fagnar áhugaverðu verkefni og vekur athygli á hafnarmannvirkjum og þjónustu í sveitarfélaginu sem gætu nýst í tengslum við þetta verkefni.

Iðnaðarráðuneytið mun leitast við að veita leyfishöfum upplýsingar um hvar finna megi nauðsynleg mannvirki og þjónustu. Það verður hins vegar undir hverjum og einum leyfishafa komið að ákveða hvaða staðsetning muni nýtast best fyrir þjónustu í tengslum við verkefnið, m.a. með hliðsjón af fjarlægð frá Drekasvæði, núverandi aðstöðu fyrir þjónustu við fyrirhugaða starfsemi, veðurfari, öryggi og öðrum mikilvægum þáttum. Iðnaðarráðuneytið vinnur að reglugerð þar sem m.a. verður fjallað um þetta málefni og stefnt er að því að hafa skilyrði um að notuð verði næsta höfn við Drekasvæðið sem uppfylli þau atriði sem rannsóknirnar krefjast og þörf er á af öryggisástæðum.

4.4. Fjarðabyggð

Sveitarfélagið Fjarðabyggð bendir á í umsögn sinni að afkoma útvegsfyrirtækja í Fjarðabyggð byggist að mestu á veiðum og vinnslu uppsjávarfisks. Sveitarfélagið leggur því áherslu á að vel verði hugað að þeim áhrifum sem starfsemin getur haft á veiðar þessara stofna á svæðinu.

Í umsögn Fjarðabyggðar er vísað til þess að í skýrslunni sé þess getið að siglingaleiðin norðan við Noreg og til Ameríku liggja beggja megin við Drekasvæðið, endar klofnar hún um landið. Í umsögninni er bent á að með mjög vaxandi hafnarumsvifum í Fjarðabyggð, sem og hugsanlegri umskipunarhöfn á Austur- og/eða Norðurlandi virðist fullt tilefni til að skoða einnig siglingleiðir frá þessum höfnum og norður fyrir Noreg.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir með Fjarðabyggð að mikilvægt sé að huga vel að áhrifum á veiðar á svæðinu. Ráðuneytið leggur því mikla áherslu á mikilvægi umhverfis- og mengunarvarna í tengslum við leit, rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði og mun gera kröfu um að notuð verði besta fánlega tækni til að draga úr umhverfisáhrifum og hættu á mengunarslysum á svæðinu, eins og fjallað er um í skýrslunni.

Verið er að skoða hugmyndir um hugsanlega umskipunarhöfn á Austur- og/eða Norðurlandi og siglingaleiðir þaðan á vegum Siglingastofnunar og höfð verður hliðsjón af niðurstöðum þeirrar skoðunar þegar þær liggja fyrir.

4.5. Fornleifavernd ríkisins

Fornleifavernd bendir á að engar upplýsingar liggi fyrir um fornleifar á hafsbotni á Drekasvæðinu, en telur mjög ólíklegt að fornleifum stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Fornleifavernd ríkisins telur hins vegar brýnt að tekið verði tillit til fornminja sem kunna að finnast á svæðinu (t.d. skipsflaka) og bendir á að ef ekki reynist unnt að varðveita minjarnar þurfi að óska leyfis hjá Fornleifavernd til að fjarlægja þær, sbr. 10. og 12. gr. Þjóðminjalaga og tekur þá stofnunin afstöðu til þess hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar mega víkja og þá með hvaða skilmálum. Fornleifavernd bendir einnig á að ákvæði 13. gr. Þjóðminjalaga sem kveður á um að finnist fornleifar sem áður voru ókunnar skuli finnandi skýra Fornleifavernd frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Í 13. gr. er einnig kveðið á um að ef fornminjar finnast við framkvæmd verks skuli sá sem fyrir framkvæmdinni stendur stöðva framkvæmdir uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar um hvort verkið megi halda áfram og með hvaða skilmálum.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir sjónarmið Fornleifaverndar um að brýnt sé að tekið verði tillit til fornminja sem kunna að finnast á svæðinu og mun benda leyfishöfum á framangreind ákvæði laga um fornleifavernd.

4.6. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR)

ÍSOR telur að skýrslan sé ítarleg og vel unnin, og gerir ekki athugasemdir við efni hennar. ÍSOR telur til fyrirmyndar hvernig staðið hefur verið að gerð skýrslunnar og leggur áherslu á að komi til leyfisveitinga verði einnig staðið vel að undirbúningi leyfisútboðsins.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir sjónarmið ÍSOR og leggur mikla áherslu á að staðið verði vel að undirbúningi leyfisútboðsins og hefur ásamt Orkustofnun unnið að þeim undirbúningi, í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir.

4.7. Landhelgisgæslan

Í óformlegri ábendingu frá sjómælingarsviði Landhelgisgæslunnar kemur fram að sviðið telur að setja eigi það skilyrði í leyfi til rannsóknarfyrirtækja að þau veiti íslenska ríkinu aðgang að dýptarupplýsingum sem gætu gagnast sjómælingasviði Landhelgisgæslunnar við sjókortagerð.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir þessa ábendingu og verða sett skilyrði um gagnaskil m.a. á dýptargögnum inn í leyfisskilmála.

4.8. Langanesbyggð

Hreppsnefnd Langanesbyggðar fagnar því að hafin sé vinna er miðar að því að auka nýtingu náttúruauðlinda er felast í landgrunninu umhverfis Ísland. Vakin er athygli á því að sveitarfélagið Langanesbyggð sé einstaklega vel staðsett, landfræðilega, þegar hugað verður að staðsetningu á hugsanlegri þjónustumiðstöð í landi í tengslum við framkvæmdir við rannsóknir og vinnslu á olfu og gasi á umræddu svæði, sem og fyrir þjöppunar- og uppskipunarstöð fyrir fljótandi náttúrugas. Bent er á að við innanverðan Bakkafloa séu aðstæður ákjósanlegar fyrir framangreinda starfsemi og landrymi nægt auk þess sem aðdjúpt er og var er gott ef þörf verður á nýjum hafnarmannvirkjum umfram þau sem eru fyrir á Þórshöfn. Einnig er vakin athygli á því að góður áætlunarflugvöllur sé á Þórshöfn og að þar hafi verið komið upp þjónustuaðstöðu við þyrlusveit Landhelgisgæslunnar. Hreppsnefndin telur æskilegt að hafnar verði þegar rannsóknir á því hvort

hér sé ekki um vænlegan valkost að ræða og eru fulltrúar sveitarfélagsins tilbúnir til viðræðna um málið.

Iðnaðarráðuneytið mun leitast við að veita leyfishöfum upplýsingar um hvar finna megi nauðsynleg mannvirki og þjónustu. Það verður hins vegar undir hverjum og einum leyfishafa komið að ákveða hvaða staðsetning muni nýtast best fyrir þjónustu í tengslum við verkefnið, m.a. með hliðsjón af fjarlægð frá Drekasvæði, núverandi aðstöðu fyrir þjónustu við fyrirhugaða starfsemi, veðurfari, öryggi og öðrum mikilvægum þáttum. Iðnaðarráðuneytið vinnur að reglugerð þar sem m.a. verður fjallað um þetta málefni og stefnt er að því að hafa skilyrði um að notuð verði næsta höfn við Drekasvæðið sem uppfylli þau atriði sem rannsóknirnar krefjast og þörf er á af öryggisástæðum. Á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur verið unnin hagkvæmnisathugun vegna hugsanlegrar staðsetningar þjónustumiðstöðvar í Langanesbyggð.

4.9. Noregur

Fulltrúar íslenskra stjórnvalda áttu fund með fulltrúum norskra stjórnvalda í Osló í febrúar 2008 til að fara yfir umsögn Norðmanna og viðbrögð íslenskra stjórnvalda við þeim athugasemdum og ábendingum sem þar komu fram. Helstu atriðin sem þar voru rædd snúa að eftirfarandi þáttum:

a) Norðmenn segjast gjarnan hafa viljað sjá viðameira mat á umhverfisáhrifum, sérstaklega varðandi áhrif á fiskistofna, og segjast tilbúnir að taka þátt í vinnu við frekari rannsóknir.

Iðnaðarráðuneytið fagnar því að norsk stjórnvöld séu tilbúin að taka þátt í vinnu við frekari rannsóknir. Eins og fram kemur í umfjöllun í 3. kafla þessarar greinargerðar samþykkti ríkisstjórn Íslands á síðari hluta ársins 2007 tillögur iðnaðarráðherra um frekari rannsóknir og gagnaöflun sem snýr m.a. að lífríki og fiskistofnum á Drekasvæðinu. Komi til rannsóknar- og vinnsluborana má gera ráð fyrir enn frekari rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum slíkra borana.

b) Bent er á að vegna birtu og ísingar sé auðveldara að bregðast við mengunarslysum á sumrin heldur en á veturna og því geti verið varasamt að setja skilyrði um að boranir fari fram yfir veturinn eins og rætt er um í skýrslunni.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir þessa ábendingu og bendir á að í skýrslunni er fjallað um valkosti varðandi skilyrði sem setja mætti um tímasetningu borana, sem og kosti og galla sem fylgja þeim valkostum. Bent er á það í skýrslunni að umhverfisáhrif frá borun í hafsbotninn geta verið margvísleg en ýmislegt sé hægt að gera í því skyni að draga úr þeim. Áhættan er aðallega á bortíma og því er hægt að velja tíma sem dregur hvað mest úr skaðlegum áhrifum á lífríkið ef óhöpp verða. Út frá fyrirliggjandi gögnum er margt sem bendir til þess að út frá umhverfisástæðum væri hentugast að miða við að boranir og prófanir fari fram yfir vetrarmánuðina, t.d. á tímabilinu frá september og fram í febrúar, mars. Vísað er til þess að fyrir Nucula svæðið í Noregi hafi verið sett skilyrði um að boranir færu einungis fram á tímabilinu milli september og febrúar til að lágmarka áhrif hugsanlegra mengunaróhappa. Nánar þarf þó að kanna slíka afmörkun, m.a. með tilliti til öryggis starfsmanna, annarrar mengunarhættu og mengunarvarna við borun og prófanir.

c) Gerð vákorts fyrir svæðið: Norðmenn vísa til þess að í skýrslunni komi fram að til skoðunar sé að hefja gerð vákorts af svæðinu milli Íslands, Noregs og Færeyja vegna siglinga og að ef af því verði þurfi að meta hvort það verði ekki útfært norður til Jan Mayen og taka þannig inn hugsanlega olúmengun frá leit, rannsóknum eða vinnslu olíu og gass á Drekasvæðinu. Norðmenn lýsa sig tilbúna til að taka þátt í gerð slíks vákorts.

Iðnaðarráðuneytið fagnar áhuga Norðmanna á gerð vákorts fyrir svæðið og bendir á að efling samstarfs um verndun Norður-Atlantshafsins og málefni Norðurskautsins verður eitt af megin stefnumiðum Íslendinga þegar þeir taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni í ársbyrjun 2009. Eitt af áhersluatriðunum þar verður að gera vákort fyrir Norður-Atlantshafið, sem á að vera grundvöllur fyrir samræmdar aðgerðir komi til umhverfisslyss. Gert er ráð fyrir að vákortið verði tilbúið í lok árs 2010.

d) Bent er á ýmsa þætti sem gætu takmarkað möguleika okkar til að fá aðstoð frá Noregi vegna mengunaróhappa og að því sé nauðsynlegt að til staðar sé ákveðinn búnaður á Íslandi.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir nauðsyn þess að til staðar sé ákveðinn viðbúnaður á Íslandi og bendir á að í skýrslunni er fjallað ítarlega um viðbrögð við mengun. Þar kemur m.a. fram að skipta megi viðbrögðum við mengunaróhöppum í þrjá flokka eftir umfangi mengunarinnar. Ef um er að ræða tiltölulega lítið og afmarkað óhapp verður að vera til staðar á svæðinu búnaður til að bregðast við því, þ.m.t. girðingar, upptökutæki, bátar sem geta drifið þessi tæki og annar búnaður þessu tengt. Starfsmenn verða einnig að vera þjálfaðir í meðferð búnaðar og viðbrögðum. Reynist óhappið meira en svo að hægt verður ráða við það með mannskap og búnaði á staðnum koma inn viðbragðsaðilar úr landi. Vegna staðsetningarinnar getur slík aðstoð komið frá tveimur áttum, annars vegar frá Íslandi en einnig kemur vel til greina að hentugra væri að kalla eftir aðstoð frá öðrum löndum (t.d. Noregi en þar er til staðar umtalsverður búnaður og þekking á viðbrögðum við bráðamengun) og fyrir hendi er samningur milli aðila um gagnkvæma aðstoð vegna mengunaróhappa (Kaupmannahafnarsamkomulagið). Auk þess hefur komið til tals frekara samstarf milli Noregs og Íslands, ekki síst varðandi eftirlit með skipaumferð um og milli lögsaga ríkjanna en það kemur jafnframt mengunareftirliti til góða. Enn fremur hefur verið rætt um sameiginlegar mengunaræfingar, ellegar a.m.k. þátttöku í æfingum hver hjá öðrum. Hvernig sem af reiðir þá er rétt að ítreka að ábyrgðin á uppbyggingu, viðbúnaði, skipulagi viðbragða, æfingum og aðgerðum hvílir á Umhverfisstofnun sem síðan leitar eftir samstarfsaðilum og ráðgjöfum. Í þeim tilfellum sem mengunaróhappið reynist umfangsmikið og útheimtir mikinn búnað og sérfræðiþekkingu er Ísland aðili að margvíslegu alþjóðlegu samstarfi um viðbúnað og viðbrögð við bráðamengunaróhöppum. Samkvæmt því samstarfi getur Ísland óskað eftir aðstoð ríkja Norðurlandanna og Evrópusambandsins. Þetta samstarf hefur sýnt gagnsemi sína í allnokkrum tilfellum á undanförunum árum, s.s. vegna Prestige árið 2002 og nú síðast í Líbanon árið 2006.

e) Bent er á að norski hluti svæðisins hafi ekki enn verið opnaður fyrir leyfisveitingum og viðamikil mat á umhverfisáhrifum þurfi áður en slíkt verði gert. Í þessu samhengi er ítrekað að mikilvægt sé að virða ákvæði Jan Mayen samningsins milli Íslands og Noregs og að vegna samningsins sé æskilegt að reyna að tryggja samræmi milli íslenskrar og norskrar löggjafar á sviði rannsókna og vinnslu á olíu.

Iðnaðarráðuneytið leggur mikla áherslu á að virða ákvæði Jan Mayen samningsins og hefur í samvinnu við utanríkisráðuneytið átt í viðræðum við norsk stjórnvöld til að tryggja sameiginlegan skilning á ákvæðum samningsins. Í framhaldi af þeim viðræðum skrifuðu utanríkisráðherrar Íslands og Noregs undir samkomulag um nánari útfærslu á Jan Mayen samningnum í byrjun nóvember 2008.

4.10. Orkustofnun

Orkustofnun fagnar útkomu skýrslunnar, telur hana ítarlega og vel unna og gerir ekki athugasemdir við efni hennar. Stofnunin leggur hins vegar áherslu á nauðsyn þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að rannsóknir þær sem fjallað er um í kafla 12.3 í skýrslunni hefjist sem fyrst og tryggi fjármögnun þeirra.

Iðnaðarráðuneytið er sammála sjónarmiði Orkustofnunar um nauðsyn frekari rannsókna og bendir á að ríkisstjórnin samþykkti á síðari hluta ársins 2007 tillögu iðnaðarráðherra um frekari rannsóknir og gagnaöflun, sbr. umfjöllun í 3. kafla þessarar greinargerðar. Komi til rannsóknar- og vinnsluborana má gera ráð fyrir enn frekari rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum slíkra borana.

4.11. Siglingastofnun Íslands

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við skýrsluna, en bendir á mikilvægi gagnaöflunar um öldufar og að afla megi slíkra gagna með því að setja niður mældufl til veður- og öldumælinga á svæðinu, eins og lýst er í skýrslunni (í kafla 12.3, um tillögur um frekari gagnaöflun).

Iðnaðarráðuneytið tekur undir ábendingu Siglingastofnunar um mikilvægi gagnaöflunar um öldufar. Í árslok 2007 var mældufl til veður- og öldumælinga sett niður á Drekasvæðinu í samræmi við tillögur þar að lútandi í skýrslunni og hefur gögnum verið safnað í rúmt ár. Miklar upplýsingar um veður- og öldufar liggja því nú þegar fyrir, þrátt fyrir að gagnasöfnun og -úrvinnsla haldi áfram.

4.12. Sjávarútvegsráðuneyti / Hafrannsóknastofnunin

Á grundvelli samantektar starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar um þekkingu á umhverfi og lífríki á Drekasvæðinu leggur sjávarútvegsráðuneytið ríka áherslu á mikilvægi þess að samfara undirbúningi að veitingu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olú og gasi verði gerðar eftirfarandi athuganir:

1. Gerð nákvæms korts yfir botngerð og lögun á svæðinu með fjölgeislamælingum.
2. Straummælingar á föstum lögnum ásamt mælingu með skipsstraumsjá yfir a.m.k. eins árs tímabil.
3. Kortlagning búsvæða og lífverusamfélaga á þeim svæðum sem líklegast er að verði fyrir röskun vegna rannsókna og vinnslu á olú og gasi.
4. Könnun á botnfiskastofnum á Drekasvæðinu.
5. Fylgst verði með uppsöfnun mengunarefna í dýrasvifi.

Í umsögninni segir að allar þessar rannsóknir verði að teljast grundvöllur þess að unnt sé að meta ávinning og áhættu við fyrirhugaða olú- og gasleit og umhverfisáhrif í tengslum við hana. Þó að íslensk stjórnvöld kosti þessar athuganir í upphafi má telja eðlilegt að sá kostnaður verði endurgreiddur sem hluti af gjaldi fyrir leyfi til leitar á olú og gasi.

Ríkisstjórnin samþykkti á síðari hluta ársins 2007 tillögu iðnaðarráðherra um áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í tengslum við fyrirhugaða veitingu sérleyfa til rannsókna og vinnslu olíu á Drekasvæðinu. Rannsóknirnar eru langt komnar og hafa að mestu gengið samkvæmt áætlun sbr. umfjöllun í 3. kafla þessarar greinargerðar. Komi til rannsóknar- og vinnsluborana má gera ráð fyrir enn frekari rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum slíkra borana.

4.13. Samtök atvinnulífsins, Landssamband Íslenskra Útvegsmanna, Samtök iðnaðarins, Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja og SVP – Samtök verslunar og þjónustu
Samtök atvinnulífsins, Landssamband Íslenskra Útvegsmanna, Samtök iðnaðarins, Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja og SVP – Samtök verslunar og þjónustu styðja eindregið að áætlunin hljóti samþykki og hafinn verði undirbúningur að veitingu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu a olíu og gasi á umræddu svæði.

Samtökin telja mikilvægt að þau fyrirtæki sem leyfi fá lúti almennum lögum og reglum um tekjuskatt og að sú viðbótarskattlagning sem til greina kann að koma verði hófleg og sanngjörn og taki mið af sambærilegri skattlagningu í nálægum löndum og verki þannig hvetjandi til þess að sótt verði um leyfi og hafist handa við framkvæmdir eftir því sem aðstæður gefa tilefni til.

Bent er á mikilvægi þess að fela einkaaðilum að svo miklu leyti sem unnt er rannsóknir og eftirlit með framkvæmdum og leita m.a. til þeirra aðila sem slíkt annast í nálægum löndum. Engin ástæða er til að opinberar stofnanir séu að þenja út starfsemi sína til að takast á við sérhæfð verkefni á þessu sviði þegar auðveldlega má kaupa slíka þjónustu erlendis frá. Sérstaklega er bent á eftirlit með vinnuumhverfi, öryggi og heilbrigði þar sem þekking hefur byggst upp á löngum tíma í grannlöndunum.

Mikilvægt er að aflað verði frekari upplýsinga um hafstrauma bæði á yfirborði og við botn en þeir hafa úrslitaáhrif um hvert hugsanleg mengun frá leitar- og vinnslusvæðum berst og þá um leið hvaða áhrif slík mengun kynni að hafa á fiskistofna. Sérstaklega er tekið undir mikilvægi þess að fyrirbyggja eins og unnt er hugsanlega röskun á lífsskilyrðum loðnu og annarra uppsjávartegunda. Mikilvægt er að beita á hverjum tíma bestu fánlegu tækni til að draga úr umhverfisáhrifum og líkum á slysum og óhöppum.

Iðnaðarráðuneyti tekur undir framangreind sjónarmið umsagnaraðila um skattlagningu og mun leggja áherslu á að þau sjónarmið verði höfð til hliðsjónar við ákvörðun um skattlagningu vegna olíustarfsemi hérlendis.

Iðnaðarráðuneytið mun kaupa þær grunnrannsóknir sem nauðsynlegt þykir að láta framkvæma af aðilum sem sérhæfa sig í slíkum rannsóknum. Iðnaðarráðuneytið telur hins vegar nauðsynlegt að stjórnun og eftirlit með leit, rannsóknum og vinnslu á olíu og gasi sé í höndum íslenskra stjórnvalda og stjórnsýslustofnana þar sem slíkt vald er vart hægt að framselja til erlendra ríkja.

Eins og fyrr hefur komið fram samþykkti ríkisstjórnin á síðari hluta ársins 2007 tillögu iðnaðarráðherra um rannsóknir og gagnaöflun í tengslum við fyrirhugaða veitingu sérleyfa til rannsókna og vinnslu olíu á Drekasvæði. Iðnaðarráðuneytið hefur í samræmi við þá

samþykkt þegar hafið undirbúningsvinnu í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið leggur mikla áherslu á mikilvægi umhverfis- og mengunarvarna í tengslum við leit, rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði og mun gera kröfu um að notuð verði besta fánlega tækni til að draga úr umhverfisáhrifum og hættu á slysum og óhöppum á svæðinu, eins og fjallað er um í skýrslunni

4.14. Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun telur að tillaga að áætlun og umhverfisskýrsla sé í öllum aðalatriðum greinargóð og vel unnin.

Skipulagsstofnun gerir þó eftirfarandi athugasemdir við framlögð gögn:

a) *Tengsl við aðra áætlanagerð*: Skipulagsstofnun telur að rökstyðja þurfi betur að hvaða leyti fyrirhuguð áætlun sé í samræmi við stefnumörkun um sjálfbæra þróun þar sem þar er ekki fjallað um olíuleit.

Iðnaðarráðuneytið bendir á að þó ekki sé fjallað um olíuleit í stefnumörkun um sjálfbæra þróun þá tengist ýmis ákvæði þeirrar stefnumörkunar starfsemi vegna olíuleitar, auk þess sem mörgum af þeim stjórnækjum og leiðum sem mælt er með að notuð séu við að ná markmiðum um sjálfbæra þróun er eða verður beitt í tengslum við olíuleitaráætlunina. Þar má t.d. nefna atriði er snúa að áætlanagerð, lögum og reglum, alþjóðasamningum, hagrænum stjórnækjum, mati á umhverfisáhrifum, fræðslu, vöktun og rannsóknum.

Iðnaðarráðuneytið bendir einnig á að sjálfbær þróun hefur þrjár meginstoðir; efnahagsvöxt, félagslega velferð og jöfnuð og vernd umhverfisins. Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun segir að skoða verði þessa þrjá þætti í samhengi og leitast við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða umhverfið. Með olíuleitaráætluninni og umhverfismati hennar er þessari grunnreglu fylgt og allir þessir þættir skoðaðir í samhengi.

b) *Umhverfisþættir*: Skipulagsstofnun telur að umhverfisþáttinn áhrif á samfélag á Norðausturlandi vanti í töflu 11.2, þó lítillega sé fjallað um þau mál í kafla 11.2.2, og að svo virðist sem óvissa sé um til staðar um eðli áhrifa á þau byggðalög.

Iðnaðarráðuneytið tekur undir að óvissa sé til staðar um hugsanleg áhrif á samfélag á Norðausturlandi eins og m.a. er fjallað um í 5. kafla skýrslunnar og kafla 11.2.2. Ekki var hins vegar talið að umhverfisþátturinn *áhrif á samfélag á Norðausturlandi* ætti heima í töflu 11.2 þar sem þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir þóttu ekki eiga við um áhrif á samfélag.

Í köflum 5 og 11.2.2 kemur m.a. fram að leit muni væntanlega hafa lítil sem engin áhrif á samfélag á Norðausturlandi, en rannsóknir gætu hins vegar haft nokkur jákvæð áhrif, sérstaklega vegna þjónustu við starfsemina. Vinnsla á olíu og gasi mun væntanlega hafa mikil og jákvæð áhrif á samfélagið, bæði hvað varðar þjónustu og vinnu við vinnsluna, en mikil óvissa er hins vegar um það á þessu stigi hve hátt hlutfall innlends vinnuafis verður starfandi við vinnsluna. Ráðuneytið bendir á að sú óvissa muni minnka eftir því sem málið

þróast áfram og telur að þess megi vænta að leit, rannsóknir og vinnsla á olíu og gasi muni hafa mjög jákvæð áhrif á samfélag á Norðausturlandi, m.a. vegna aukinnar fjölbreytni atvinnulífs og aukinnar nýtingu á þjónustu og mannvirkjum sem til staðar eru á svæðinu.

c) Valkostir, rökstuðningur og frekari gagnaöflun: Skipulagsstofnun bendir á að ekki sé skoðaður munurinn á leið 1 sem felur í sér að boðin verði út leyfi á öllu svæðinu og leið 2 sem felur í sér að einungis verði boðin út leyfi á þeim svæðum þar sem líklegast þykir að olíu og gas geti verið að finna. Þá telur stofnunin nauðsynlegt, í ljósi þess að óvissa ríkir um ýmsa þætti og ýmis gögn skortir, að í tillögunni komi fram skýrari rökstuðningur fyrir því að mælt sé með því að heimilt verði að bjóða fram leyfi á öllu Drekasvæðinu tímabundið eða til framtíðar.

Skipulagsstofnun vísar einnig til þess að í kafla 12.3 séu tillögur um frekari gagnaöflun, en ekki sé fjallað um það í umhverfisskýrslunni hvort ráðast eigi í þær rannsóknir og aðgerðir áður en leyfisveiting fer fram. Ef ekki er gert ráð fyrir því þá þarf að greina betur frá því hvort skilyrði verði sett um þær rannsóknir við leyfisveitingu, t.d. að ekki verði farið í rannsóknir og vinnslu fyrir en að þeim loknum.

Iðnaðarráðuneytið bendir á að í skýrslunni sé skoðuð leið 1, þ.e. áhrif á allt svæðið. Takmörkun á stærð svæðisins, sbr. leið 2, mun fyrst og fremst hafa í för með sér minni umsvif á leitarstigi, en áhrifin á rannsóknar- og vinnslustigi munu aðallega ráðast af því hvort ráðist verði í boranir og þá fjölda borhola. Takmörkun á stærð svæðisins þarf ekki endilega að hafa í för með sér færri borholur þar sem sú takmörkun þýðir að þar verði eingöngu boðin út leyfi á líklegustu svæðunum. Ákveðið hefur verið að fara milliveg í útboðinu og bjóða allt svæðið til umsókna en tilgreina fyrirfram hámarksfjölda leyfa sem verður úthlutað (5 leyfi) og hámarksflatarmál hvers leyfissvæðis (800 km²). Í þessu útboði verða því í mesta lagi veitt leyfi á 4000 km² af svæðinu sem stendur til boða.

Iðnaðarráðuneytið bendir á að markmiðið með umhverfisskýrslunni hafi m.a. verið að koma með tillögur að frekari gagnaöflun. Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar samþykkti ríkisstjórnin á síðari hluta ársins 2007 tillögur iðnaðarráðherra um fekari rannsóknir og gagnaöflun í tengslum við fyrirhugaða veitingu sérleyfa til rannsókna og vinnslu olíu á Drekasvæðinu, en þar var byggt á tillögum úr skýrslunni og miðar rannsóknunum vel, sbr. umfjöllun í 3. kafla þessarar greinargerðar. Komi til rannsóknar- og vinnsluborana má gera ráð fyrir enn frekari rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum slíkra borana, eins og fram kemur í skýrslunni. Iðnaðarráðuneytið bendir einnig á að umhverfismat áætlana gerir ekki ráð fyrir að allar upplýsingar liggi fyrir og ráðuneytið telur að í ljósi fyrirbyggjandi þekkingar sé ekkert sem bendi til þess að ekki eigi að halda áfram ferlinu og veita leyfi á svæðinu.

4.15. Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslunni komi fram að fremur ófullnægjandi upplýsingar séu fyrirbyggjandi varðandi ákveðna umhverfisþætti, t.d. að lítið sé til af gögnum um sjófræði og strauma á Drekasvæðinu og engar upplýsingar séu til um botnfiska á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að hefji eigi rannsóknir á ákveðnum umhverfisþáttum bæði til að fá röð mælinga og upplýsingar um grunnástand, svo hægt verði á síðari stigum að meta áhrif einstakra framkvæmda á svæðinu. Í samræmi við umfjöllun í skýrslunni telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að eftirfarandi rannsóknir fari fram:

1. Rannsóknir er lúta að veðurfari, straumum og ölduhæð, svo að m.a. hægt verði að meta veðurfarslegar aðstæður á svæðinu, s.s. skyggni, tíðni þoku o.s.frv.
2. Grunnrannsóknir á lífríki, t.d. á hvöllum og fuglum.
3. Rannsóknir á botndýralífi, þ.m.t. botnfiskar.
4. Afla þarf frekari upplýsinga um plöntusvif, vinna úr tiltækum gögnum um dýrasvif og kanna grunnástand PAH efna í dýrasvifi á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur brýnt að sem fyrst verði byrjað á ofangreindum rannsóknum þannig að nauðsynleg gögn liggi fyrir þegar kemur að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna hugsanlegra rannsóknarborana og vinnslu.

Eins og fyrr hefur verið nefnt þá samþykkti ríkisstjórnin á síðari hluta ársins 2007 tillögu iðnaðarráðherra um áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í tengslum við fyrirhugaða veitingu sérleyfa til rannsókna og vinnslu olíu á Drekasvæðinu og eru þessar rannsóknir langt komnar, sbr. umfjöllun í 3. kafla þessarar greinargerðar. Iðnaðarráðuneytið bendir einnig á að umhverfismat áætlana gerir ekki ráð fyrir að allar upplýsingar liggi fyrir og ráðuneytið telur að í ljósi fyrirliggjandi þekkingar sé ekkert sem bendi til þess að ekki eigi að halda áfram ferlinu og veita leyfi á svæðinu. Komi til rannsóknar- og vinnsluborana má gera ráð fyrir enn frekari rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum slíkra borana, eins og fram kemur í skýrslunni.

4.16. Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.